

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1982 o.fl.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1982. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 14% — fjórtán af hundraði — þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1981.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1982 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1980 og 1981 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1981 sé meiri en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1980, eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1982 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Þeir gjaldendur sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1982 geta sótt um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1982, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 3 000 kr. eftir að barnabótum sínum

vegna ársins 1981, þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1982 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981. Framangreint lágmark gildir sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að útborgun til þeirra fer því aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja nemi a.m.k. 3 000 kr. hærrí fjárhæð en þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981.

Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir 1 500 kr. kemur ekki til útborgunar fyrirfram.

8. gr.

Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í umdæmi sínu.

Ef um er að ræða sambýli fólks, sem rétt hefur til samsköltunar, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 1982.

9. gr.

Skattstjóri áætla á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar á barnabótum árið 1982. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 7. gr. og að umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.

10. gr.

Útborgun fyrirframgreiddra barnabóta skv. 7.—9. gr. fer fram í apríl 1982.

Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1982 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur barnabætur fyrirframgreiddar, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum þegar að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

11. gr.

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 7.—10. gr. skal skipt í fjórar sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar hinn 1. hvers mánaðar frá september til desember 1982.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 2 400 kr. skal þeim þó skipt niður á færri en fjóra útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 1 200 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 600 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

12. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1982 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjaldþega, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv. og 20. des. 1982 og vera sem næst fimmtí hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtí hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að vikja frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 3.

14. janúar 1982.

AUGLÝSING
um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum á hádegi hinn 14. janúar 1982 (gengisskráning nr. 1) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir niðurfellingu gengisskráningar hinn 5. janúar 1982.

Hafi innflytjandi lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og jafnframt greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir 5. janúar 1982 er tollstjóra heimilt til 21. janúar 1982 að taka við bankastimpluðum vöru-reikningi og tollafgreiða sendingu á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.